

Forsætisráðuneytið

Fundargerð

Fundarboðandi : **Guðbjörg Sigurðardóttir**
Fundartími : **08.05.2007**
Boðaðir : **Björn Þór Jónsson, Þórólfur Árnason, Sigrún Ámundadóttir, Þóra Halldórsdóttir, Fjóla Þorvaldsdóttir, Þorbjörg Garðarsdóttir, Sturla Bragason, Hjálmtýr Hafsteinsson, Kári Harðarsson, Hrönn Þormóðsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Björg Pétursdóttir, Sigurjón Mýrdal, Ingvi Björnsson, Anna Ingólfssdóttir, Halla Björg Baldursdóttir, Sigrún Þöll Þorsteinsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Ebba Þóra Hvannberg, Svana Helen Björnsdóttir, Sveinn Þorgrímsson, Guðmundur Ásmundsson, Nik Whitehead, Sólveig Friðriksdóttir, Guðbjörg Sigurðardóttir**
Hver sótti fund : **Björn Þór Jónsson, Þórólfur Árnason, Sigrún Ámundadóttir, Þóra Halldórsdóttir, Fjóla Þorvaldsdóttir, Þorbjörg Garðarsdóttir, Sturla Bragason, Hjálmtýr Hafsteinsson, Kári Harðarsson, Hrönn Þormóðsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Björg Pétursdóttir, Sigurjón Mýrdal, Ingvi Björnsson, Anna Ingólfssdóttir, Halla Björg Baldursdóttir, Sigrún Þöll Þorsteinsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Ebba Þóra Hvannberg, Guðbjörg Sigurðardóttir**
Fjarverandi : **Svana Helen Björnsdóttir, Sveinn Þorgrímsson, Guðmundur Ásmundsson, Nik Whitehead, Sólveig Friðriksdóttir**
Bréfalykill : **525 Kynningar og ráðstefnur**
Málsnúmer : **FOR07050004**

Efni fundar :

1. Staða upplýsingatækninnar í skólakerfinu
2. Hvernig er hægt að safna upplýsingum til að meta stöðuna
3. Möguleg viðbrögð/aðgerðir til að bæta stöðuna
4. Kanna áhuga á aðgerðum til að bæta stöðuna.
5. Önnur mál.

Frásögn af fundi :

1. Fundarstjóri bauð fundarmenn velkomna, fagnaði góðri mætingu á fundinn. Fram kom að markmið fundarins væri að ræða þá stöðu sem nú virðist komin upp, að viðvarandi skortur er á fólki með menntun á sviði upplýsingatækni og lítill áhugi meðal framhaldsskólanema að sækja það nám. Einnig kom fram að í lok fundar yrði kannaður áhugi á að setja af stað vinnu/verkefni sem miðaði að því að fjölga upplýsingatæknimenntuðu fólki á Íslandi ef það yrði niðurstaða fundarmanna að þörf væri á því.
2. Fundarmenn kynntu sig. Eftirtaldir aðilar voru boðaðir til fundarins: Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Félagið 3F, Félag tölvunarfræðinga, Skýrslutæknifélagið, UT-konur, Samband upplýsingatæknifyrirtækja (SUT), Menntamálaráðuneyti, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Forsætisráðuneyti.

3. Björn Þór Jónsson HR kynnti mat sitt á stöðu upplýsingatækninnar (sjá meðfylgjandi kynningu), hvað mætti gera betur og varpaði fram hugmyndum um hvað væri til ráða. Í kjölfarið urðu miklar umræður.
4. Þóra Halldórsdóttir og Jóna Pálsdóttir kynntu starf UT-kvenna sem gefið hafa út bækling sem sendur hefur verið til allra 15 og 18 ára stúlkna á landinu. Einnig sögðu þær frá verkefninu Konur og upplýsingatækni sem unnið var af Kolbrúnu Fanngeirsdóttur.
5. Miklar umræður urðu um:
 - o stöðuna í dag sem fundarmenn töldu í stuttu máli vera þá að mikil vöntun væri á fólki með upplýsingatæknimenntun og ekki fyrirsjáanlegt að sá vandi leystist á næstu árum, hætta væri á að upplýsingatæknigeirinn fylgdi viðskiptalífínu ekki eftir og yrði dragbítur vegna skorts á hæfu vinnuafli.
 - o ímyndarvanda upplýsingatækninnar (nörðar, einmanalegt starf, strákastarf, einhæft starf, vírar og stærðfræði)
 - o þörf á að kynna fyrir börnum og ungu fólki þau tækifæri sem bjóðast fólki með upplýsingatækninám að baki (góð laun, fjölbreytt störf, tækifæri til starfsframa, nám sem nýtist allsstaðar í heiminum og má nýta á öllum sviðum atvinnulífs)
 - o nám í upplýsingatækni á öllum skólastigum (framboð og fjölbreytileiki náms, inntak náms, aðbúnaður í skólum, námsskrár, framboð á kennsluefni, námskeið fyrir kennara).
6. Fram komu ýmsar hugmyndir um hvað væri hægt að gera til að bregast við vandanum m.a.:
 - o Greining: gera úttekt á upplýsingatæknimenntun í skólakerfinu.
 - o Setja af stað verkefni til að styrkja upplýsingatækninámið í grunn- og framhaldsskóla.
 - o Tryggja fjölbreytt framboð og mikla kynningu á framhaldsnámi á sviði upplýsingatækni eftir BA eða BS gráðu í öllum greinum.
 - o Kynna jákvæða ímynd starfa á sviði upplýsingatækni sem höfðar til stúlkna og drengja.
 - o Forstjórar upplýsingatæknifyrirtækja komi fram fyrir skjöldu og segi frá eftirspurn eftir starfskröftum og hvað fyrirtæki á þessu sviði hafa uppá að bjóða.

7. Kynning Björns Þórs:  - CSinterest.ppt

Niðurstaða og ákvarðanir :

Í lok fundar var samþykkt tillaga um að setja af stað tvo vinnuhópa og halda síðan sameiginlegan fund í haust.

Starfshópur I: Úttekt á upplýsingatæknimenntun í menntakerfinu. Sigurjón Mýrdal í menntamálaráðuneyti stýrir hópnum. Að starfinu munu a.m.k. koma fulltrúar frá 3F.

Starfshópur II: Aðgerðir háskóla og UT-iðnaðar til að auka aðsókn að námi á sviði upplýsingatækni. Björn Þór Jónsson HR stýrir hópnum. Að starfinu munu a.m.k. koma fulltrúar HR, HÍ, HA, SUT og FT ásamt UT-konum.

Stefnt er að því að halda fund um niðurstöður starfshópanna í lok september 2007. Guðbjörg Sigurðardóttir mun boða til fundarins.

Tilvísun í málnúmer og fylgigögn :